

Kapellan í hrauninu

Úfna hraunbreiðan sem liggur milli Hvaleyrarholts og Straumsvíkur sunnan Hafnarfjarðar er kölluð Kapelluhraun í daglegu tali, en hún er einnig nefnd Nýjahraun sökum þess, að hraunið mun hafa runnið á sögulegum tíma, líklega síðast á 13. öld eða á fyrri hluta þeirrar 14.

Við gamla veginn, sem lá gegnum hraunið steneur lítil rúst uppi á hraunhól sunnanvert við steypa veginn gegnt álverinu við Straumsvík. Samkvæmt gömlum munnmælum áttu dansir menn að hafa verið dysjaðir þar eftir að þeir höfðu verið drepnig til hefnda fyrir aftöku Jóns biksups Arasonar og sona hans árið 1550.

Sumarið 1950 fóru starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands á þennan stað og rannsökuðu rústina. Þá kom annað í ljós, en munnmælin hermdu. Við uppgröftinn fundu eir m.a.járnnacla, skeifubrot, legg af krítarpípu og síðast en ekki síst líkneski af hinni heilögu Barböru, sem var og er dýrlingur kaþólskra manna. Líkneskið er vel gert, um 3 cm á lengd og telgt í gulgráan stein.

Þessi fundur þykir gefa ákveðnar vísbendingar um, að hér sé um rúst af bænahúsi frá kaþólskum tíma að ræða, reist á hættuslóð, þegar vegfarendur þurftu að ganga yfir úfið, nýrunnið apalhraunið. Þá var það honum andlegur styrkur að geta numið staðar smástund, ákallað dýrling sinn og beðið hann um vernd eða flutt honum þakkir fyrir örugga handleiðslu á stund örvæntingar og vonleysis.

Þegar steypiti vegurinn var lagður varð mikið jarðrask í kring um hólinn sem rústin stendur á. En honum var þyrmt. Rústin er nú friðlýst og í umsjá þjóðminjavarðar. Öllum er heimilt að skoða hana, en engu má spilla. Þannig er reynt að tryggja að hún fái að standa um ókomna tíð.

(Mbl. 30. ágúst 1981)